

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hlíðar.*
Í deiliskipulaginu felst að á u.þ.b. 30 ha svæði er gert ráð fyrir 12 frístundalóðum. Auk frístundahúss er heimilt að reisa 30 m² útihús. Nýtingarhlutfall lóða er 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. nóvember 2009.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs, Þórsstígur.*
Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja allt að 150 m² frístundahús í stað 100 m² auk þess sem heimilt verður að hafa geymslukjallara. Einnig verður heimilt að byggja allt að 40 m² aukahús í stað 10 m². Heildarnýtingarhlutfall má ekki fara yfir 0,03. Ákvæði um þakhalla og byggingarefni eru felld niður.
Samþykkt í sveitarstjórn 19. september 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. febrúar 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.